

Guðni Elísson

Í heimi getgátunnar

Kærur Vantrúar, glæra 33 og Egill Helgason

„Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að kennarinn hafi á neinn hátt gerst brotlegur við siðareglur HÍ. Fyrir liggja yfirlýsingar frá sjö nemendum er sátu námskeið Bjarna um nýtrúarhreyfingar og segja þau öll kennsluna hafa verið til fyrirmyndar, hvergi hafi verið hallað á Vantrú eða aðrar trúleysishreyfingar. Þessar yfirlýsingar eru studdar af greinargerðum tíu sérfræðinga í túlkunarvísindum sem allir lýsa því yfir að ekkert sé út á kennsluglætur Bjarna Randvers að setja. [...] Síðast en ekki síst fóru svo fjörutíu háskólakennarar yfir þau málsgögn sem lágu fyrir og komust að þeirri niðurstöðu að Bjarni hefði ekki á neinn hátt gerst brotlegur við siðareglur og að ekkert tilefni væri til að gagnrýna kennslugögn hans í námskeiðinu.“

Úr yfirlýsingu sem 109 akademískir starfsmenn við íslenska háskóla skrifuðu undir og birt var í íslenskum fjölmiðlum 13. desember 2011.¹

„Það virðast allir fallast á að glærurnar séu í hæsta máta vafasamar.“

Egill Helgason, 27. desember 2011, kl. 10.33.²

„Kæru félagar. Klukkan 15:00 í dag lýstum við yfir heilögu stríði á hendur Bjarna Randveri og Guðfræði í Háskóla Íslands. Okkur ber skylda til að verja heiður okkar þegar á hann er ráðist af svo voldugum andstæðingi að ósekju. Við munum berjast á vefnum, í blöðum, með bréfum og jafnvel í fjölmiðlum þar til fullur sigur er unninn.“ Á þennan veg hljómaði umtöluð yfirlýsing Reynis Harðarsonar sálfræðings og formanns Vantrúar frá 12. febrúar 2010 á umræðuvef félagsmanna, en með henni blæs hann í lúðra fyrir þann mikla greinaflokk sem félagið átti eftir að birta næstu daga og vikur gegn stundakennaranum Bjarna Randveri Sigurvinnssyni og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.³

Viku fyrr hafði félagið lagt fram þrjár kærur vegna kennslu Bjarna Randvers í námskeiðinu Nýtrúarhreyfingar sem kennt var haustið 2009, en Reynir Harðarson lýsir ferð sinni með kærurnar upp í Háskóla Íslands svo í skeyti til félaga sinna: „Þremur sprengjum varpað ... ósprungnar“.⁴ Ein var afhent á skrifstofu Kristínar Ingólfssdóttur rektors HÍ, aðra fékk Pétur Pétursson deildarforseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar, en sú þriðja fór inn á borð Amalíu Skúladóttur ritara Siðanefndar HÍ. Reynir upplýsti í engu tilvikanna um tilvist hinna kæranna.

Deildarforseti afgreiddi kærana 9. mars 2010 með traustsyfirlýsingu til

handa Bjarna Randveri og vantrúarfélagar drógu kærú sína til Siðanefndar til baka rúmu ári síðar, 28. apríl 2011. Siðanefnd hafði þá sætt harðri gagnrýni úr háskólasamfélaginu fyrir málsmeðferðina og þess var krafist að ný yrði skipuð í staðinn en á það vildu vantrúarfélagar ekki fallast. Síðustu kærúnni var svarað með yfirlýsingu frá Kristínu Ingólfsdóttur rektor 15. febrúar 2012, þegar hún sendi öllum starfsmönnum háskólans tilkynningu um að ekkert hafi „komið fram í meðferð málsins sem bendir til þess að viðkomandi stundakennari hafi gerst brotlegur í starfi“.⁵ Fjórða kærú, sem var lögreglukæra á hendur Bjarna Randveri, var send til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 27. maí 2011 og var Bjarni m.a. kallaður í yfirheyrslur í tengslum við hana. Lögreglustjórinn felldi hana niður 26. júlí 2012, en rúmunu mánuði áður, 18. júní 2012,⁶ lögðu vantrúarfélagar fram fimmtu kærúna, í þetta sinn aftur til Siðanefndar HÍ en þar var um sömu kærú að ræða og dregin hafði verið til baka 28. apríl 2011. Þeirri kærú var vísað frá 4. október 2012 á þeim forsendum að hún væri tilefnislaus. Í úrskurðinum segir: „Þegar allt framangreint er virt er það mat Siðanefndar að umfjöllun Bjarna Randvers Sigurvinssonar um trúlausa og félagið Vantrú í námskeiðinu *Nýtrúarhreyfingar* hafi samrýmst viðurkenndum kennsluáðferðum, verið innan ramma lýsingar á viðfangsefnum, efnistöku og markmiðum námskeiðsins og hvorki falið í sér áróður né skrúmskælingu.“⁷ Tekið er fram að í frávisunardómi Siðanefndar felist endanleg niðurstaða þótt vissulega gæti félagið tekið upp á því að kæra Bjarna Randver í sjötta sinn, eða einhverja tengda honum.⁸

Meðhöndlun kærúnnar innan háskólans og áróðursspuni Vantrúar í fjölmiðlum vormánuði 2010 voru alvarleg atлага að sjálfstæði íslenskra háskóla, þar sem akademískum vinnubrögðum var ýtt til hliðar í nafni blindrar sannfæringar, í nafni fullyrðingagleði sem átti rætur í getgátum og vissu sem varð ekki hrakin með rökum. Það vekur óneitanlega forvitni að forsvarsmönnum Vantrúar hafi ekki einu sinni þótt ástæða til að endurskoða efni nýju kærúnnar í ljósi skýringa Bjarna Randvers og nemenda hans. Félagið brást t.d. á engan hátt við 197 síðna skýrslu Bjarna, „Svari við kærú Vantrúar“, sem lögð var fram í maí 2010, og tók ekkert mark á greinargerðum sjö nemenda úr námskeiðinu, en sérhver þeirra lýsti því yfir að kennsluhættirnar hefðu verið í alla staði eðlilegir.

Hvaða tilgangi þjónar þessi glæra?

Við fyrstu sýn gætu einhverjir lesendur hugsanlega ætlað að ýmislegt væri til í kærú vantrúarfélaga til Siðanefndar HÍ. Kærú er alls 17 síður (tveggja síðna kærubríf og fimmtán síðna viðauki) og henni fylgja 74 af 174 glærum Bjarna Randvers úr glærusettinu „Frjálslynda fjölskyldan“. Í kærubréfinu er því haldið fram „að efnisval og efnistöku Bjarna Randvers [séu] siðlaus“. Fullyrt er, án þess að færð séu fyrir því rök, að hann hafi „slík tengsl við

Þjóðkirkjuna að ætla [megi] að þau hafi litað málflutning hans í garð Vantrúar“. Vantrú frábiður sér „afskræmingu“ á félagsskapnum og farið er fram á að „siðferði þessa kennsluefnis verði metið í ljósi þeirra athugasemda sem við komum hér á framfæri“.⁹

Þó er kærán um margt hin undarlegasta þegar farið er að rýna í hana. Bjarni Randver er t.a.m. kærður fyrir að birta uppi á tjaldi án athugasemda þrjár síður úr frægu trúleysisriti prófessors Nielsar Dungals *Blekkingu og þekkingu* (bls. 465, 500 og 501).¹⁰ Það stöðvar vantrúarfélaga þó ekki í því að leggja fram kæru sem byggir á því sem Bjarni Randver kunnir hugsanlega að hafa sagt á meðan glærurnar þrjár birtust á tjaldinu: „Þegar kemur að prófessor Niels Dungal og bók hans „Blekkning og þekking“ þykir okkur sem Bjarni Randver missi sjónar á aðalatriðum og umfjöllun hans og val á tilvísunum einkennist frekar af andúð og áróðri en upplýsingu og fræðslu“ (3). Þáttastjórnandinn Egill Helgason var einn þeirra sem tók undir sjónarmið vantrúarfélaga og sagði að því yrði „ekki neitað“ að glærur Bjarna væru „ansi hæpnar“. Bjarni afgreiddi Niels Dungal „með því að vísa í hrein aukaatriði í bók hans [...] Helgi Hóseon [fái] sömu útreiðina, það er vísað í furðulegustu kaflana í skrifum hans“. „Þetta virkar frekar lálgúrulegt“ bætir Egill við, en færir ekki frekari rök fyrir skoðun sinni.¹¹

Í huga vantrúarfélaga virðast nemendur Bjarna að sama skapi viljalausar strengjabróður sem beygja sig undir vilja læriföðursins er dælir eitri í allar áttir. Ranghugmyndirnar rista æði djúpt og taka á sig sérkennilega mynd þar sem mikið er gert úr valdi og ítökum Bjarna Randvers. Hann er voldugur andstæðingur sem elur á misklið og ýtir undir fordóma í garð trúleysis – og jafnvel í garð hinna ólíku nýtrúarhreyfinga sem hann tekur fyrir í námskeiðinu.¹² Síðastnefnda kenningin er ekki síst forvitnileg fyrir þær sakir að þar er helsta hugmyndafræðingi og stefnumótanda Samráðsvettvangs trúfélaga ætlað að eittra umræðuna um nýtrúarhreyfingar á bak við tjöldin.¹³ Um leið horfa kærændurnir framhjá jákvæðum vitnisburði nemenda úr námskeiðinu sem sumir eru sjálfir trúleysingar. Þeir horfa framhjá greinargerðum akademískra sérfræðinga sem lásu glærurnar vandlega, ekki síður en svar Bjarna og kærana sem það byggist á. Flestir þessara sérfræðinga þekktu ekkert til Bjarna Randvers áður og líklega er rétt að taka fram – í ljósi ríkjandi tíðaranda – að margir þeirra sem skrifuðu greinargerðirnar eru, rétt eins og ég, yfirlýstir trúleysingar. Vantrúarfélagar horfðu þó ekki aðeins framhjá fræðilegum forsendum námskeiðsins. Síðast en ekki síst horfðu þeir framhjá bréfi Bjarna til nemenda sinna um það hvernig á að nálgast glærurnar og námsefnið allt, en bréfið var sent út tveimur mánuðum áður en félagsskapurinn Vantrú leggur fram kæru sína.

Í bréfinu sem dagsett er 6. desember 2009 minnir Bjarni á ýmis grundvallaratriði vegna prófundirbúnings og bendir á að alls ekki sé nóg að lesa glærurnar; þær séu „yfirborðskenndar í mörgum efnunum og [nemendur fá] verulega fyllri mynd af öllu með því að lesa þá bókakafla og þær greinar sem

eru [svo] að finna í fjölritaða lesheftinu¹⁴. Bjarni leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að „nálgað allt sem tengist fræðigreininni með bæði gagnrýnu og hlutlægu hugarfari“. Hann segir nemendur eiga að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og láta hvorki kennarann né höfunda kennsluefnisins mata sig og bætir við: „Jafnvel þótt ég leitist við að vera hlutlægur í kennslunni eru hvorki ég né höfundar lesefnisins hlutlausir því að félagslegur bakgrunnur okkar, umhverfi og skoðanir setja óhjákvæmilega mark sitt á framsetningu okkar og áherslur.“ Síðast en ekki síst leggur Bjarni áherslu á að nemendur sýni viðfangsefninu virðingu:

Þó svo að nauðsynlegt sé að kunna skil á sögu viðkomandi trúarhreyfinga, starfsháttum þeirra og trúfræði og þekkingu þá gagnrýni sem þær hafa sætt þá getur það allt saman virkað fátíðlegt og óskiljanlegt fyrir þá sem ekki reyna að setja sig í spor viðkomandi fólks og skoða heiminn út frá forsendum þess. Um er að ræða fólk af holdi og blóði sem þarf í sínu félagslega samhengi að finna sér stað í tilverunni og því sem því er dýrmætast. Þó svo að nauðsynlegt sé að kunna skil á gagnrýninni þarf að gera sér grein fyrir því að það geta verið margar hliðar á hlutunum og áhersla á gagnrýnina eina getur reynst villandi.

Þeir sem kjósa að byggja túlkanir sínar á höfundarættan ættu að geta dregið upp einfalda mynd af kennaranum Bjarna Randveri af þessu bréfi hans, mynd sem byggð væri á raunverulegum gögnum. Bjarni hvetur nemendur sína til þess að sýna sjálfstæði í hugsun og segir þá eiga að vera gagnrýna á allt sem tengist fræðigreininni. Um leið minnir hann þá á mikilvægi þess að þeir sýni viðfangsefni greiningarinnar skilning og virðingu, þótt það þýði að sjálfsgöðu ekki að varpa eigi fyrir róða gagnrýnum viðhorfum.

Annar og hættulegri Bjarni Randver birtist í umræðum vantrúarfélaga, maður sem í mörg ár hefur markvisst eitrað umræðuna um Vantrú án vitundar félagsmanna og byggir þekkingu sína á „leynilegri gagnasöfnun“ eins og núverandi formaður, Egill Óskarsson, lýsir því.¹⁵ Það er þessi ímyndaði trúvarnarmaður sem stígur fram í kærinni, en hann er fyrst og fremst settur saman af órökstuddum ályktunum. Í heimi getgátunnar er lítið hægt að gera annað en að spyrja spurninga á meðan samhengi kennslunnar vantar og ekki þarf að rýna lengi í sjálfa kærana til þess að sjá að hún byggist nær eingöngu á órökstuddum vangaveltum.

Hér eru nokkur dæmi um túlkunaróöryggið sem einkennir kærana:

Innrammaður texti virðist fremur dreginn fram til að hæðast að höfundi en að kynna málstað hans eða meginefni bókarinnar. [3] [...] Er þetta ekki háðugleg útreið og skrumskæling frekar en einlæg viðleitni til að koma til skila meginboðskap höfundar? [3] [...] Hvað ræður efnisvali Bjarna Randvers? Hvernig má útskýra uppröðun glæranna? [4] [...] Hver er tilgangur svona uppsetningar? [4] [...] Er það meginatriði, segir það eitthvað um málstað Dans eða má vera að þessu sé varpað fram til þess eins að varpa rýrð á Dan Barker? [5] [...] Tilgangur Bjarna virðist vera að sýna að vantrúarmenn sem lærisveina eða skósveina Richards Dawkins. [5] [...] Er tilgangurinn að sýna fram á áhrif „hugmyndafræðingsins“ á lærisveininn?

[6] [...] Er hér ekki um vandlega valdar tilvitnanir að ræða oft af einkabloggum manna og útrúsnúning fremur en sanngjarna umfjöllun um stefnu og aðferðafræði Vantrúar? [9] [...] Hvað útskýrir útfellingar Bjarna Randvers? eru þær líklegar til að auka skilning eða andúð á manninum og málstað hans? Er þetta áróður eða kennsla? [10] [...] Aftur hljótum við að spyrja hvort hér er um fræðslu að ræða eða einstrengingslegan áróður. Hvaða tilgangi þjónar þessi glæra? Er hún málefnaleg eða sanngjörn? Gefur hún rétta mynd af umfjöllunarefni guðfræðingsins? [11] [...] Það sem stríkað er undir með rauðu er þó greinilega aðalatriði í huga Bjarna. eru þessar yfir- og undirstrikanir til að merkja það mikilvægasta í textanum eða gefur það fyrst og fremst til kynna hvað angrar guðfræðinginn? [13] [...] Er guðfræðingurinn að koma þeirri hugmynd að nemendum sínum að vantrúarmenn „haldi því fram að trúarbrögð séu af hinu illa og að þeir einir hafi höndlað sannleikann“? Ekki verður annað séð. Er þetta fræðsla eða áróður? [13] [...] Við getum rétt gert okkur í hugarlund hver svörin við þessum spurningum eru í huga Bjarna Randvers. [16] [...] Aftur hryllir okkur við tilhugsuninni um hver svörin við þessum spurningum eru í huga guðfræðingsins. [16]

Það kemur líklega almennum lesendum á óvart að niðurstaða Vantrúar um kennsluhætti Bjarna Randvers skuli vera jafn ótvíræð og raun ber vitni. Vafinn sem einkennir alla kæruliðina er með öllu horfinn undir lokin og vissan ein ríkir:

Af þessum glærum að dæma er umfjöllun Bjarna um Vantrú því ekki einungis ófagleg heldur er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að tilgangur hennar sé beinlínis að rægia félagið og ala á fordómum í garð meðlima þess.

Við höfum oft furðað okkur á ranghugmyndum kirkjunnar manna um okkur í Vantrú og málstað okkar (og eflaust er það gagnkvæmt) en lítil von er á nokkrum breytingum í þeim efnum ef sú fræðsla sem upprennandi guðfræðingar / trúarbragðafræðingar hljóta er í höndum Bjarna Randvers að óbreyttu. [16]

Ýmis önnur atriði kærunnar eru kostuleg eins og þegar kvartað er yfir því að Bjarni Randver segi vantrúarfélaga sækja innblástur til þekktra hugmyndafræðinga á sviði trúleysis, manna eins og Richards Dawkins, Daniels C. Dennett, Christophers Hitchens, Sams Harris og Nielsar Dungals. Þessari glæru er einfaldlega ætlað að bregða upp mynd af trúleysisorðræðu samtímans, nefna einstaklinga sem vantrúarfélagar sækja innblástur og hugmyndir til – og eigi í óbeinni samræðu við. Félagsskapurinn virðist þó lítið hrifinn af umræðu um áhrif og er Bjarni því kærður fyrir glæruna: „Þessi uppsetning dregur upp mynd af skósveinum eða lærisveinum einhverra meistara, nokkuð sem fer oftar en ekki illa í sjálfstætt hugsandi menn“ (5). Máli sínu til stuðnings um það hversu langt Bjarni Randver gangi í áhrifavillu sinni vitna þeir í glæru þar sem Richard Dawkins og Óli Gneisti Sóleyjarson lýsa því báðir yfir að þeir séu stoltir guðleysingar. Að mati vantrúarfélaga gefur Bjarni þar til kynna að Óli Gneisti hermi eftir Dawkins, en slíkt sé rangt þar sem yfirlýsing Óla sé eldri en sú sem Dawkins sendi frá sér: „Tilvitnunin í Óla sett [svø] undir fyrirsögn sem gefur til kynna að hún sé undir

áhrifum frá Dawkins sem hún er ekki. Í ágúst 2006 var bókin *God Delusion* ekki komin út. Er tilgangurinn að sýna fram á áhrif „hugmyndafræðingsins“ á lærisveininn?“ (6). Vantrúarfélagar minnst ekki á að Bjarni gefur upp útgáfuár bókar Dawkins á glærunni (2007) og dagsetning fylgir tilvitnuninni í Óla Gneista (2. ágúst 2006). Ályktun vantrúarfélaga um ætlan Bjarna er því hreint út sagt fjarstæðukennd. Hið sama má reyndar segja um hugmyndir félagsins um „sjálfstætt hugsandi menn“. Trúleysishugmyndir eru vitaskuld rétt eins og aðrar skoðanir í samfélagsumræðunni mótaðar af sögulegum kringumstæðum og ríkjandi orðræðu hvers tíma, eins og sést líklega best á því að sjálft orðalagið „hugsandi menn“ er sótt til Nielsar Dungals sem notar það iðulega um trúleysingja í verki sínu *Blekkingu og þekkingu*.¹⁶

Með þessu móti mætti rekja sig í gegnum kæruliðina og hrekja þá hvern af öðrum eða útskýra hvers vegna ályktanirnar eru rangar eða byggðar á mis- skilningi. Í seinni hluta þessarar greinar verður sjónum þó fyrst og fremst beint að þeirri glæru sem alvarlegust þykir. Sá vantrúarfélaga sem líklega hefur beitt sér af mestri hörku í málinu, Matthías Ásgeirsson, segir að glæran snúist „um kjarna málsins“¹⁷ og sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason tekur undir þau sjónarmið, en dómur hans er þungur: „Mér sýnist þó að steininn taki úr í glærunni þar sem er fjallað um Richard Dawkins og „fylgismenn“ hans – það má reyndar spyrja hverjir séu fylgismenn Dawkins, hann á milljónir lesenda út um allan heim en hefur ekki stofnað neina hreyfingu eða söfnuð um hugmyndir sínar svo ég viti.“¹⁸

Glæra 33

Glæra 33 í 4. hluta „Frjálslyndu fjölskyldunnar“ fær langmesta rýmið í kæru Vantrúar en um hana er fjallað á síðum 13 til 16 af þeim 15 síðum þar sem kæratriðin eru rakin (3–17), en alls leggja vantrúarfélagar fram 74 glæur sem þeir gera athugasemdir við. Þar hverfa líka spurningarnar og vangaveltturnar. Sök Bjarna liggur skýr fyrir. Sá varnagli er einn sleginn í upphafi að glæran „eigi líklega að fjalla um Vantrú“ (13) í ljósi þess að helmingur hennar er helgaður teikningum í blogggrein eftir framhalds- skólakennara í Reykjavík, en „[m]yndirnar eru líklega viðbrögð við heilagri reiði múslima vegna skopmyndamálsins í Jyllandsposten og settar fram til að styðja við tjáningarfrelsið“ (13–14). Teikningarnar eru af „Múhameð spámanni (líklega). Á þeirri fyrstu er hann að kasta af sér vatni, á annarri er hann teiknaður sem bleyjubarn og á þeirri þriðju liggur hann undir Jesú í samfarastellingu (andlit þeirra sett inn á indverska teikningu)“ (13). Vantrúarfélagar gera engar athugasemdir við myndbirtinguna, aðra en þá að Bjarni gerist sekur um að „notast við áróðursbragðið „guilt by association““ (14), myndirnar séu „teknar sem dæmi um málflutning Vantrúar“ þótt maðurinn tengist Vantrú ekki á nokkurn hátt.¹⁹

Í huga þeirra eru myndirnar líka aukaatriði, meginþungi gagnrýninnar

beinist að „niðurstöðu[m] og samantekt Bjarna á þessari glæru“ en hún segi „í raun allt sem segja þarf um afstöðu kennarans og guðfræðingsins til Vantrúar“ (14). Hvernig hljóma svo þær fullyrðingar sem Bjarni Randver setur fram á glærunni alræmdu og Egill Helgason birti og gagnrýndi svo harðlega á síðu sinni?²⁰

Megin vandinn við herskáan málflutning Dawkins og fylgismanna hans gegn þeim trúarbrögðum sem þeir fyrirvíta er að hann er vatn á myllu haturshreyfinga sem grafa undan allsherjarreglu samfélagsins og almennu siðferði með því að ...

- smána hvaðeina sem er öðrum heilagt.
- umbera ekki trúartjáningu á opinberum vettvangi.
- skerða málfrelsi trúaðra.
- andmæla almennum mannréttindum á borð við að foreldrar veiti börnum sínum trúarlegt uppeldi og börn fái að tjá sig um trúarefni í skólum.
- leggja í einelti m.a. með uppnefnum þá sem hafa önnur viðhorf.
- fordæma minnihlutahópa á borð við gyðinga.
- ástunda guðleysistrúboð í neikvæðri merkingu þess orðs.

Ekki aðeins vantrúarfélagar á borð við Valgarð Guðjónsson lýstu því yfir að Bjarni Randver sakaði trúleysingja „ítreakað um gyðingahatur í kennslu“.²¹ Fjöldinn allur af einstaklingum, sem höfðu engar forsendur til að meta fræðilegt samhengi glærunnar, tók undir áfellsdóminn með Agli, þótt vissulega reyndu líka ýmsir að andmæla óábyrgum ummælum netverja, m.a. nemendur Bjarna Randvers úr námskeiðinu. Erling Ingvason hélt því fram að glæran „jaðr[aði] við hatursáróður“,²² og Sif Traustadóttir spurði hvort þetta væri „boðlegt sem kennsluefni í Háskóla Íslands?“ Arnþór Jón Þorvarðsson sagði glæruna „náttúrulega út í hött. Ekki einn punktur á henni [standist] skoðun“. Og Kjartan Valgarðsson sagði að það sem hér sé sýnt uppfylli „einfaldlega ekki akademískar kröfur“.

Jafnvel akademískir starfsmenn við íslenskar háskólastofnanir hikuðu ekki við að senda frá sér opinberar yfirlýsingar án þess að hafa kynnt sér málið. Þuríður Jóhannsdóttir, lektor á menntunarvísindasviði við HÍ, segir að ef maður hafi „lært textarýni og [skilji] læsi í víðu samhengi eins og sagt er í nýjum námskrám þá [sé] erfitt að verja svona lagað sem kennsluefni á neinu skólastigi“. Þuríður færir ekki frekari rök fyrir þessari skoðun sinni, en yfirlýsing hennar er ekki síst alvarleg vegna þess að hún mælir í krafti „sérfræðipækkingar“, en án þess að hafa sinnt rannsóknarskyldu sinni í málinu og hafa orð hennar verið tekin upp af vantrúarfélögum og stuðningsmönnum þeirra – t.d. segir ummælandi sem kallar sig aðeins Ásgeir: „Og svo ég bæti einu við: Hvaða dylgjur eru þetta um menntun Vantrúarfólks og að umfjöllun um glæurnar sýni að það hafi ekkert vit á háskólanámi? Vita þau ekki að dósent (eða var það lektor?) við menntavísindasvið hefur sagt að glæurnar séu drasl? Vita þau kannski betur en hún um eðli háskólanáms?“²³ Þessu er auðsvarað. Ólíkt þeim 109 akademísku starfsmönnum sem skrifuðu

undir stuðningsyfirlýsingu Bjarna Randvers hafði Þuríður engin gögn undir höndum og því takmarkaðar forsendur til þess að tjá sig um málið.

Fæstum þeim sem veittust opinberlega að Bjarna Randveri virtist koma til hugar að glætur námskeiðsins snúist ekki aðeins um að rekja staðreyndir, heldur fjalli þær einnig um átakabætti, hugmyndir og sjónarmið þeirra ýmsu aðila sem viðfangsefnið varða. Glæra 33 er einfaldlega samantekt á algengum skoðunum um harðlínutrúleysi sem eðlilegt er að ræða í námskeiði sem snýst um nýtrúarhreyfingar.²⁴

Námskeið í trúarlífsfélagsfræði eru eðli málsins samkvæmt átakamiðuð og glærunum er ætlað að draga fram atriði sem tengjast þeim skilgreiningum og flokkunarkerfum sem liggja til grundvallar í kennslunni. Í hæfniviðmiðum námskeiðsins kemur fram að nemendur eigi að sýna ólíkum trúarskoðunum umburðarlyndi og skilning, en þó ekki á kostnað gagnrýni, og að nemendur eigi að þekkja og skilja „helstu ágreiningsefni í tengslum við nýtrúarhreyfingar jafnt erlendis sem á Íslandi, einkum á opinberum vettvangi í gegnum fjölmiðla“.²⁵ Í slíku námskeiði hlýtur þekkingin öðrum þræði að liggja í því að geta rætt sannleiksgildi ákveðinna ágreiningsefna eins og þau birtast í fjölmiðlum, og ekki síður að „geta vegið og metið hvort það geti stafað hætta af einstökum umdeildum nýtrúarhreyfingum“ eins og það er orðað í hæfniviðmiðunum.

Allar þær fullyrðingar sem Bjarni birtir á glærunni alræmdu eru vel þekktar í trúarumræðunni og margar umdeildar. Stundum er reynt að færa fyrir þeim málefnaleg rök, stundum eru á ferðinni órökstuddar ásakanir sem einungis er ætlað að særa og þagga niður í andstæðingnum. Nemendur áttu að taka fullyrðingarnar til greiningar, en Bjarni Randver lýsir sjálfur fræðilegu samhengi glærunnar sem svo á spjallþræðinum aftan við athugasemd Egils Helgasonar að þar séu:

dregin fram meginatriði í gagnrýni hörðustu andstæðinga svonefnds herskás guðleysis, gagnrýni þeirra á þær vantrúarhreyfingar sem vilja sníða trú, trúarstofnunum og trúarbrögðum sem þrengstan stakk á opinberum vettvangi og jafnvel ganga milli bols og höfuðs á öllu slíku. Hörðustu gagnrýnendur róttækra guðleysishreyfinga koma úr ýmsum áttum. [...] Þeir geta verið fundamentalistar úr hvaða trúarbrögðum sem er eða frjálslyndir einstaklingar sem óháð trúarafstöðu vilja stuðla að samræðu milli ólíkra trúarbragða og lífsviðhorfa. Þau sögulegu dæmi úr ýmsum áttum, sem tilgreind eru með punktunum, eru sett fram til að vekja nemendur til umhugsunar og fá þá til að bregðast við með gagnrýnum hætti. Af orðum þínum, Egill, og ýmissa annarra má ætla að ég megi ekki í kennslu minni draga fram gagnrýni einstaklinga og hópa á róttækar guðleysishreyfingar í háskólakennslu og að sama skapi virðist þið ætla að gagnrýnin birti persónulega afstöðu mína til guðleysis sem ég haldi fram í kennslustund. Hvergi hefur komið fram að nemendur mínir hafi skilið umrædda glæru sem einhverja boðun af minni hálfu þegar ég tók þetta fyrir heldur þvert á móti. Þeir áttu að gagnrýna þessi atriði. Þess má auk þess geta að þetta var ekki eina dæmið um umfjöllun um ákveðna hreyfingu þar sem ég dró saman helstu sjónarmið gagnrýnenda.²⁶

Erfitt reyndist að fá gagnrýnendur Bjarna Randvers til þess að skilja að slík glæra í hug- eða félagsvísindum eigi fullan rétt á sér, jafnvel þótt hún birti umdeild sjónarmið sem nemendur áttu að bregðast við og greina. Glæru getur t.d. verið ætlað að draga upp á skýran hátt hugmyndir tiltekens hóps um andstæðinginn, hún er þá lykill að ágreiningsforsendum, sem dregur ekki síður upp mynd af þeim sem fellir dóminn en viðfangsefni ummælanna. Yfirlýsingar þær sem Bjarni Randver birti á glæru 33 geta undir ákveðnum sögulegum kringumstæðum verið réttmæt lýsing á félagslegum afleiðingum harðlínutrúleysis. En þær geta einnig, undir annars konar sögulegum kringumstæðum, t.d. í samfélögum þar sem bókstafstrú er fyrirferðarmikil, verið mælskufræðileg aðferð valdastéttar til þess að þagga niður í lýðræðislegum tilburðum trúleysingja. Þetta þarf að sjálfsgöðu allt að ræða í nám-skeiði um nýtrúarhreyfingar og samhengið kallar ávallt á ótal varnagla sem lúta bæði að greiningu á harðlínutrúleysi og gagnrýnni umræðu um það.

Yfirlýsingarnar sem birtast á glærinni eru einfeldningslegar sé þeim ætlað að standa sem sjálfstæð 'fræðileg' úttekt á afleiðingum harðlínutrúleysis. Þá mætti skilgreina þær sem boðun eða trúvörn í anda þess sem andstæðingar Bjarna Randvers ætla honum. En sem útgangspunktum að umræðu sem er mörkuð ýmiss konar sögulegum og hugmyndafræðilegum skilyrðum gegna liðirnir allt öðru hlutverki. Þeir verða að leið inn í flókið fræðilegt samhengi, trúarbragðafræðigreiningu af þeim toga sem Bjarni Randver stundar.

Hver sá sem hefur fylgst með vörn Bjarna í þessu máli ætti að geta tekið undir þá fullyrðingu að hann sé fremur fulltrúi varnaglans en yfirlýsingarinnar, málsvari málalengingarinnar fremur en hnitmiðaðs skotgrafastíls. Svar hans til Siðanefndar HÍ við kæru Vantrúar var 197 blaðsíður og í þau örfáu skipti sem hann hefur tjáð sig opinberlega um kærumálið á hendur sér rúmast svörin ekki í athugasemdadálkum fréttamiðlanna, svo að hann neyðist til að birta þau í mörgum bótum, enda eru þar á ferðinni stuttar ritgerðir, stundum í kringum 2000 orð. Þetta veit meira að segja Matthías Ásgeirsson sem skrifaði eitt sinn eftir að Bjarni hafði sent frá sér risavaxna greinargerð sem svar við ágreiningsatriði á vefsvæði DV: „Ef Bjarni Randver hefði góðan málstað að verja hefði hann svarað í stuttu og kjarnyrðu máli þar sem auðvelt væri að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Það gerir hann ekki vegna þess að hann er að reyna að villa um fyrir fólki.“²⁷ En sannleikurinn getur verið flókinn og frekur til rúmsins, sérstaklega ef mælandinn gengur ekki að honum sem sjálfgefnum og vísnum.

Það er í þessu flókna samhengi aðalatriða og aukaatriða sem Bjarni Randver miðlar þekkingu sinni, jafnvel þegar í henni felst gagnrýnin greining á mögulegum afleiðingum harðlínutrúleysis.²⁸ Slíka gagnrýni ætti þá að sjálfsgöðu ekki einskorða við trúleysishreyfingar heldur ætti að vara við hvers kyns niðurrífandi samskiptamynstri á vettvangi trúar-lífsumræðunnar.

Rökkvi Vésteinsson hefur skrifað margar opinberar færslur gegn kennslu

Bjarna Randvers á Fésbók og annars staðar. Í einni af fjölmörgum kapp-ræðum á netinu sendi hann frá sér eftirfarandi yfirlýsingu (í tveimur færslum):

Um leið og Bjarni Randver getur bent á rannsóknirnar sem sýna fram á að málflutningur Dawkins og hans líkra ýti undir hópa sem stuðla að niðurrifi samfélagsins og Gyðingahatri (eins og stóð í glærunum hans), þá skal ég gúðdera Bjarna karlinn sem akademískt faglegan. [...] Og svo má hann gjarnan sýna fram á hvernig það sama eigi EKKI við um málflutning kristinna manna, til dæmis Þjóðkirkjunnar.²⁹

Misskilningur Rökkva mótar aðkomu margra að málinu. Gagnrýnendur Bjarna Randvers virðast ætla að hann þurfi að leggja fram rannsóknir sem sýni fram á sannleiksgildi þeirra fullyrðinga sem settar eru fram til greiningar á glærum námskeiðsins. Það gefur auga leið að námskeiðsglærum væru settar þröngur skorður ef allar fullyrðingarnar yrðu að vera ‚sannar‘ í þeim skilningi að þær væru byggðar á empírískum rannsóknum. Í námskeiði sem er öðrum þræði helgað djúpstæðum og hugmyndafræðilegum átökum er nóg að ágreiningurinn sé til staðar til þess að það þurfi að lýsa honum. Tilgangurinn er vitaskuld öðrum þræði að grafast fyrir um eðli ágreiningsins sem getur verið af ýmsum toga, allt eftir sögulegu og félagslegu samhengi hreyfingarinnar sem fjallað er um.

Önnur fullyrðing Rökkva snýr að þeirri óbeinu ásökun að Bjarni Randver dragi aðeins fram aðra hlið málsins, að á glærum hans bregði ekki fyrir gagnrýni á „málflutning kristinna manna, til dæmis Þjóðkirkjunnar“. Þetta er algeng skoðun meðal forkólfa Vantrúar, t.d. setur Matthías Ásgeirsson hana fram á vef félagsins haustið 2012, stuttu eftir frávísun Siðanefndar HÍ:

[...] heldur þú að Bjarni Randver hafi fjallað með sama hætti um Þjóðkirkjuna sem hann tilheyrir og hefur starfað fyrir? Það er varla langsótt að segja að málflutningur hennar og Lúthers geti (og hafi) verið vatn á myllu haturshreyfinga sem ofsækja minnihlutahópa eins og gyðinga – er það nokkuð? Hefur hann fjallað um einhvern annan hóp með sama hætti? Ekki er að sjá af [svo] svo sé af glærum hans.³⁰

Matthías segir að öllum líkindum ósatt um þekkingu sína á glærum Bjarna Randvers en hvergi er að finna nokkra vísbendingu um að hann hafi séð meira en 10% glæranna í námskeiðinu Nýtrúarhreyfingar og hann hefur án efa ekkert séð af glærunum í námskeiðinu Kirkjudeildarfræði sem einnig var haldið 2009.³¹ Hann hefur því engar ‚jákvæðar‘ og ‚hlutlausar‘ glærur að bera saman við ‚vöndu‘ glærurnar um Vantrú (sem eru líklega þær einu sem hann hefur undir höndum). Að sama skapi minnst Matthías ekki einu orði á yfirlýsingar nemenda Bjarna um námskeiðið, en þau gögn er hann þó með. Davíð Þór Jónsson sagði t.a.m. í greinargerð sinni að Bjarni hefði gætt „algers hlutleysis gagnvart boðskap og kenningum“ þeirra hreyfinga sem hann ræddi og að gagnrýnastur hafi hann verið á Þjóðkirkjuna „en að hans mati hafði hún í gegn um [svo] tíðina verið iðnari við að vara við ýmsum

Þessara hópa en nokkur ástæða var til. Fyrir þessu færði hann rök.³² Annar nemandi Bjarna, trúleysinginn Jakob Ævarsson, lýsir uppbyggingu námskeiðsins svo:

Mín reynsla af þessum áfanga (eins og mörgum öðrum sem ég hef tekið hjá Bjarna Randveri) er sú að hvað sem hann er að kenna þá dregur hann fram mestu ádeiluatriði efnisins samhliða almennri fræðslu. Sbr. ef við lærum um Votta Jehóva, þá er ýtarleg almenn fræðsla um samtökin fyrst og svo eru mestu ádeiluefnin, eins og þekkt gagnrýni eða umdeildar kenningar settar fram og kynntar eins og heimsenda-spá þeirra fyrir árið 1975.³³

Glærur Bjarna gefa sterklega til kynna að lýsingar Jakobs og Davíðs Þórs séu réttar.

Ef Matthías hefði t.d. undir höndum glærur Bjarna Randvers úr námskeiðinu Kirkjudeildarfræði sæi hann að í glærupakkanum „Lútherskir“ (sem lagður var fram í námskeiðinu) snúast glærur 14 til 21 um tengsl lúthersku kirkjunnar við Þýskaland nasismans og ábyrgð hennar á vexti og uppgangi hans, þótt vissulega bendi Bjarni einnig á fulltrúa innan kirkjunnar sem tóku virkan þátt í andstöðunni gegn þessari öfgahreyfingu (glærur 19 og 20). Önnur glæra úr glærusettninu „Rómversk-kaþólska kirkjan“ gengur jafnvel lengra í „andúð“ sinni á kristnum kirkjudeildum – sé tekið mið af les-hætti vantrúarfélaga – en þar birtir Bjarni Randver frétt úr *Morgunblaðinu* þar sem ræða Benedikts XVI. páfa við Regensburg-háskóla í Þýskalandi í september 2006 er gerð að umfjöllunarefni. Páfi tengdi saman íslamstrú og ofbeldi, en ræða hans var fordæmd af ýmsum talsmönnum múslima og haft eftir Magnúsi Þorkeli Bernharðssyni, sérfræðingi í málefnum Mið-Austurlanda, að hún: „Gæti orðið vatn á myllu öfgamanna“ (glæra 81).³⁴

Þótt kenning Matthíasar um „jákvæðar“ og „neikvæðar“ glærur sé sett fram sem staðreynd mætti færa fyrir því rök að nærtækara væri að skilgreina hugmyndir hans um Bjarna Randver á forsendum trúvarnar og vegna þess að hugmyndir hans eru nánast af trúarlegum toga er útilokað að fá hann og aðra sem hafa sig í frammi í þessu máli til að breyta afstöðu sinni í ljósi fyrirbyggjandi gagna.

Gagnrýni Bjarna Randvers er því á engan hátt bundin við trúleysis-hreyfingar. Hann leggur mikið upp úr umburðarlyndi og skilningi,³⁵ en þó ekki á kostnað þess að draga fram ýmislegt ámælisvert og annað sem kallar á skýringar og frekari greiningu. Nemendur verða samkvæmt hæfnismatinu að „geta lagt gagnrýnið fræðilegt mat á félagslega og menningarlega stöðu nýtrúarhreyfinga á Íslandi“ og „geta vegið og metið hvort“ hætta stafi „af einstökum umdeildum nýtrúarhreyfingum“. Sú gagnrýna nálgun sem vantrúarfélagar kvarta mest undan er þannig liður í fræðilegum forsendum námskeiðsins og almennum viðmiðum fræðigreinarinnar.

Að sama skapi skiptir umburðarlyndi og skilningur máli í allri greiningu. Glæra 22 í 4. hluta „Frjálslyndu fjölskyldunnar“ snýr einmitt að særandi

ummælum Karls Sigurbjörnssonar biskups sem talaði á niðrandi hátt um trúleysi. Óbilgjörn afstaða valdhafa getur að mati Bjarna Randvers varpað ljósi á málflutning þeirra vantrúarfélaga sem þykir að sér vegið og bregðast því við á sama hátt. Til þess að draga þetta fram birti Bjarni glæru með grein eftir Véstein Valgarðsson þar sem hann segir biskup hafa „sent okkur trúleysingjum ófáar sneiðarnar á undanförnum árum. Til dæmis hefur hann líkt okkur við siðleysingja og sagt lífsviðhorf okkar „mannskemmandi og sálardeyðandi“ og að þau „ógni mannlegu samfélagi“. [...] Það er holur hljómur í tali um virðingu og umburðarlyndi, þegar biskup lætur svona dembur ganga yfir þá sem aðhyllast önnur lífsviðhorf.“³⁶ Við erum minnt á hversu öflugt þöggunartæki ásakanirnar á glæru 33 geta verið og hér er að finna enn eina vísbendinguna um hvers vegna ekki er hægt að lesa hana án þess að taka tillit til annarra glæra og hins fræðilega samhengis námskeiðsins.

Viðhorfin sem birtast á glæru 33 má víða finna í trúarbragðaumræðunni, jafnt hér á landi sem erlendis. Egill Helgason gagnrýndi Bjarna Randver harðlega fyrir að gera þeim skil í kennslustund, en í umræðunni um Dawkins og fylgismenn hans sýndist honum „steininn tak[a] úr“. Það kemur því líklega lesendum nokkuð á óvart að Egill skuli sjálfur vera fulltrúi margra þeirra sjónarmiða sem hann deilir ranglega á Bjarna Randver fyrir að boða í kennslustund með glærinni umtöluðu. Aðkoma Egils Helgasonar að þessu máli er sorglegur vitnisburður um þá tækifærismennsku sem stundum einkennir þjóðmálaumræðuna á Íslandi.

Egill Helgason og vantrúartalibanarnir

Á árunum 2006 til 2007 skrifaði Egill Helgason röð pistla þar sem hann gagnrýndi félagasamtökin Vantrú fyrir herskált trúleysi en vantrúarfélagar höfðu þá um nokkurt skeið verið umsvifamiklir í allri trúmálaumræðu í fjölmiðlum og á netinu og beint spjótum sínum mjög að þjóðkirkjunni og m.a. vinaleið hennar innan grunnskóla. Vantrúarfélagar svara Agli í hvert sinn fullum hálsi, bæði í umsagnarkerfinu undir pistlum hans og á vefjum sem tengjast þeim með einum eða öðrum hætti.³⁷ Tónninn breytist fyrst eftir að Egill býður Matthíasi Ásgeirssyni – virkasta féлага í samtökunum – í *Silfur Egils* í desember 2007, en líta má á þann fund sem eins konar sáttargjörð milli Egils og vantrúarfélaga vegna þess að tónninn í samskiptunum breytist verulega eftir þetta og vantrúarfélagar hætta að láta skammirnar dynja á Agli. Egill, sem varið hafði þjóðkirkjuna fram að því, birtir nokkrum dögum síðar grein sem hugnast vantrúarfélögum mjög en hún nefnist „Þjóðkirkjan er búin að vera“.³⁸

Átökin við helstu liðsmenn Vantrúar má líklega rekja til pistils sem Egill skrifaði 19. janúar 2006 þar sem hann fjallaði á gagnrýninn hátt um herskált trúleysi. Egill kvartar yfir því að umræðan um trúarbrögð stýrist af pólitískri

rétthugsun, t.d. sé þrýstingurinn á kristna söfnuði um að leyfa kirkjuvígslur samkynhneigðra ósanngjarn. Rangt sé að ásaka trúað fólk um fáfræði og fordóma, það vilji fara hægt í sakirnar og álíti einfaldlega samtímann vera óþarflega ágengan og frekan. Kirkjunni verði að sýna umburðarlyndi þótt hún sé treg í taumi og forðast beri að feta þá slóð sem farin hafi verið í Bretlandi þar sem fólk sé handtekið og sæti lögreglurannsóknum ef það sé grunað um „hómófóbíu“. Pistlinum lýkur svo:

Talandi um herskátt trúleysi. Það þykir allt í lagi að lemja kröftuglega á trúðuðu fólki. Í Bretlandi er nýbúið að sýna sjónvarpsþætti eftir Richard Dawkins, eitt helsta átrúnaðargoð trúleysingja, þar sem hann líkir trúnni við veirusýkingu og flokkar barnatrú með misnotkun á börnum. Þættirnir heita Rót alls ills – hvorki meira né minna. Sjálfur boðar Dawkins hugmyndir sem byggja á „eigingjarna erfðæfninu“ – það er í sjálfu sér áhugaverð kenning en heldur nóturleg. Menn eins og hann verið [svo] að boða endalok trúarbragðanna í mörg hundruð ár – við minnumst til dæmis Voltaires og frægra orða hans: *Écrasez l'infâme!* – en ekki enn orðið að ósk sinni. Meira um það síðar, en nefna má að bæði kommúnismi og nasismi eru afsprengi skynsemishyggu, gerðu meira að segja tilkall til að vera einhvers konar vísindi.³⁹

Óli Gneisti Sóleyjarson svarar Agli í athugasemdakerfi pistilsins og segir það „ómerkilegt og ósmekklegt bragð“ að „líkja andstæðingum sínum við nasista og kommúnista“, þótt tilgangur Egils sé líklega að minna á að skynsemishygga sé langt í frá trygging fyrir réttum eða gáfulegum skoðunum. Óli Gneisti tekur gagnrýnina svo upp í tveimur stuttum pistlum um efnið á heimasíðu sinni sama dag og tveimur dögum síðar. Þar ítrekar hann að Egill líki vantrúarfélögum við kommúnista og nasista og segir þetta svo sem vera „eins og flest sem kemur frá Agli, einfeldningslegt hjál“.⁴⁰ Vantrúarfélagar létu ekki þar við sitja. Vésteinn Valgarðsson skrifaði langa grein á vef félagsins um efnið þar sem hann rekur hinar ýmsu rök villur sem finna megja í pistli Egils⁴¹ og í athugasemdakerfinu segir Birgir Baldursson hann augljóslega fordómafullan „í garð trúlausra, sér í lagi þeirra sem láta í sér heyra“. Jón Magnús [Guðjónsson] segir Egil vera „með skitinn langt upp á bak í þessari grein sinni“ og Óli Gneisti segir að álit sitt á Agli hafi ekki „lækkað við að lesa þessa grein hans, botninum var þegar náð“.

Í marsmánuði 2007 birtir Egill síðan röð greina gegn herskáu guðleysi.⁴² Hann segir það orðið erfitt að sjá hverjir séu „verri eða ofstækisfullri – ofstækisfullir trúmenn eða ofstækisfullir trúleysingjar“.⁴³ Hann kennir andstöðuna við menningarleysi og segir engan verða „verri af því að læra smá kristindóm – án þess skiljum við ekki vestræna menningu“, hálfvolg „kristni þjóðkirkjunnar“ heilapvoí engan. Af því sögðu heldur Egill uppteknum hætti og dregur fram líkindi með borgaralegri fermingu Siðmenntar og efnishyggunni sem tíðkaðist austan járntjaldsins. Hann segir: „Sum fermast reyndar „borgaralega“ hjá félagsskap sem heitir Siðmennt. Raunar hef ég

aldrei skilið af hverju þeir sem eru ekki trúaðir vilja hafa fermingar. Þetta mun líka hafa tíðkast í kommúnistaríkjum. Í gamla Austur-Þýskalandi voru haldnar fermingar í anda díalektískrar efnishyggu – *Jugendweihe*.⁴⁴

Rúmri viku síðar áréttar Egill skoðun sína um hófsöm sjónarmið í pistli sem fjallar um fordóma og „lífið á miðjunni“. Honum leiðist ekki síst ofstæki ýmissa íslenskra trúleysingja og hann líkir gagnrýni þeirra við ofsóknir á hendur trúarhreyfingum í Sovétríkjunum sálugu. Það er sérstaklega forvitnilegt að þessar hugleiðingar um ofbeldisfullt guðleysi er ekki lengur að finna í pistli Egils, þeim hefur verið eytt:

Síðustu dagana hef ég til dæmis fengið yfir mig gusur frá hópi manna [svo] sem mér liggur við að kalla vantrúartalibana. Ég er sammála Mikael Torfasyni sem skrifar og segist hafa haldið að trúleysi fæli í sér umburðarlyndi – en svo hafi hann komist að öðru. En þá má ekki gleyma því að í rússnesku byltingunni leiddi trúleysið til þess að guðshús voru jöfnuð við jörðu og prestar voru fangelsaðir og drepnir.

Illt er að æra óstöðugan. Það vitum við sem erum á miðjunni og viljum helst að öll dýrin í skóginum séu vinir. Maður er ekki fyrir búinn að setja fram hugsun sem er andstæð hinu ofsafengna trúleysi en trúleysingjarnir hópast á vefinn. Athugasemdakerfið fyllist á örfáum mínútum. *Get a life* – hugsar maður. Hafði þið ekkert betra að gera? Sum kommentin eru svo dónaleg að maður neyðist til að fjarlægja þau.⁴⁵

Ofstækisfullt trúleysi getur leitt til ofsókna og morða segir Egill, dregur fram talibanastimpilinn og vekur upp spurningar um hvort einhver skyldleiki sé með félagslegri hreyfingu á borð við Vantrú og herskáum bókstafstrúarhreyfingum.

Egill var gagnrýndur fyrir pistla sína í athugasemdadálkinum sem fylgir þeim en fátt eitt hefur varðveist af þeim harðskeyttustu þar sem Egill eyddi öllum sem honum voru á móti skapi.⁴⁶ Þó tóku ýmsir vantrúarfélagar til máls á eigin síðum. Óli Gneisti Sóleyjarson lét t.a.m. þau orð falla að honum þætti það óskiljanlegt hvernig „Egill Helgason náði að teljast merkilegur þáttastjórnandi“. Hann hafi vissulega náð að fylla „upp í ákveðið tómarúm með þætti sínum en merkilegri [sé] hann ekki. Ég man reyndar ekki eftir að hafa horft á einn einasta þátt af Silfri Egils í heild sinni og ég hef aldrei saknað þess.“⁴⁷ Auk þessa voru skrif Egils gerð að umræðuefni á vef Vantrúar. Í greininni „Ofstækisfullur kverúlant?“ frá 6. mars 2007 ræðir Hjalti Rúnar Ómarsson sérstaklega nýleg greinaskrif hans og gagnrýnir Egil fyrir að tjá sig um mál sem hann hafi lítið vit á.⁴⁸

Líklega náðu átökin milli Egils Helgasonar og vantrúarfélaga fyrstu vikuna í mars táknrænu hámarki þegar Egill hringdi heim til Óla Gneista og bannaði honum að senda inn athugasemdir við skrif sín. Á þennan hátt lýsir Óli Gneisti samskiptum sínum við þáttastjórnandann:

Egill Helgason er ekki hrifinn af því að fólk leiðrétti rangfærslur hans. Í dag er hann búinn að eyða bæði svari frá mér og Matta við nýjasta pistill sinn. Ég ákvað að prufa

að senda athugasemdina aftur en aftur var henni eytt. Í þriðja skiptið var ekki nóg að athugasemdinni væri eytt heldur fékk ég símtal frá Agli Helgasyni. Egill var frekar æstur en ég skal reyna að koma með nokkra punkta úr samtalinu.

Ef ég kommenta aftur þá lætur hann loka fyrir IP-töluna mína. Enginn frá Vantrú má kommenta á greinar hjá honum. Jón Torfason er gáfaðri/merkilegri en ég af því að hann er úr sveit, er gamall og heitir ekki asnalegu nafni! Egill játaði að vera alveg sama Vinaleið [svo] en er bara að tala um hana til þess að æsa andstæðinga hennar upp. Við á Vantrú erum vitlausir að láta hann æsa okkur upp.

Hann skellti á um það bil þegar ég fékk hláturskast úr [svo] af sveitamannakomm-
entinu. Kannski að ég sendi Eygló að tala við hann næst. Hún er úr sveit og þess vegna er hún ákaflega gáfuð. Þar að auki heitir hún svona klassísku nafni. Það er ekki alveg jafn flott og Jón en það ætti að duga.⁴⁹

Þótt vissulega sé minnst á Egil Helgason á vefsvæðum vantrúarfélaga vorið og sumarið 2007 fjara deilurnar hratt út en blossa svo aftur upp um haustið þegar Egill skrifar enn einn pistilinn til höfuðs „ofstækisfullu trúleysi“ og ræðir nú andstæður skynsemishyggju og trúarþarfar. Egill segir vandann „við Richard Dawkins [vera] að hann er síst minni ofstækismaður en margt af því fólki sem hann er að fjalla um“ á meðan nýaldarkúltúrinn er frekar vinalegur. Egill segir fólk geta fundið sér „ótalmargt verra [...] til að gera“ og minnir á að ekki geti „allir verið skynsamir“:

Í þessu felst líka ákveðin þversögn. Dawkins og hans fólk (sem mér liggur við að kalla sértrúarsöfnuð) er mjög uppsigað við það sem má kalla trúarþörf. En sóknin í nýaldargutlið ber vott um mikla þörf fyrir að trúa – við getum jafnvel kallað það trúgirni.⁵⁰

Vísað var til pistils Egils í sérstakri athugasemd á vef *Vantrúar* og spunnust um hann nokkrar umræður.⁵¹ Matthías Ásgeirsson andmælir t.a.m. þeirri hugmynd að „Vantrú [sé] „fólkið hans Dawkins“. Þetta er kjánaleg mýta sem Egill og [svo] endurtekur hér. Dawkins er ekki leiðtogi trúleysingja frekar en Randi, Shermer, Sagan, Dennet [svo] eða Bertrand Russel [svo].“⁵² Vantrúarfélaginn Svanur Sigurbjörnsson læknir gagnrýndi Egil í athugasemdakerfinu með orðunum: „Pistill Egils er ótrúlega slappur. Hann sakar Dawkins ofstæki [svo] og líkir Vantrú við sértrúarsöfnuð án rökstuðnings. Þetta er ótrúlega ábyrgðarlaust og grunnhyggið.“ Hann skrifaði svo sérstakan pistil á vefsvæði sínu þar sem hann gagnrýndi skrifin frekar.⁵³ Teitur Atlason, sem gekk undir nafninu Khomeni í Vantrú, telur skrif Egils vera viðbrögð við málefnalegri gagnrýni, en „Prímadonnan Egill trompaðist náttúruleg [svo] og fór meir að segja hamförum í SÍMTÖLUM við vantrúarmeðlimi!“ Teitur segir Egil enn og aftur hafa „undirstrikað [svo] sjálfan sig sem mesta vindbelg íslenskra [svo] bloggara. í [svo] honum hvín af meiri þrótt [svo] en víðast hvar í netheimum“.⁵⁴

Barátta vantrúarfélaga við „Krulla kverúlant“, en það var uppnefni sem Matthías Ásgeirsson notaði um Egil,⁵⁵ fólst ekki aðeins í því að andmæla

hugmyndum sjónvarpsmannsins um róttækt guðleysi og mannréttindabrot, heldur einnig að herma verstu öfgahugmyndirnar upp á Egil sjálfan. Á þann hátt varpar Matthías fram þeirri spurningu í einni færslu hvort „Krulli kverúlant“ sé nasisti, sú yrði a.m.k. niðurstaðan ef hann beindi greiningarforsendum sínum að sjálfum sér.⁵⁶

Það eru einmitt sjónarmið eins og þau sem Egill er fulltrúi fyrir í dæmunum hér að ofan – og deilt er um af fullri hörku – sem Bjarni Randver vildi draga fram í umræðu nemenda um glærana alræmdu. Er hægt að ræða um „Dawkins og hans fólk“ og segja þetta vera sértrúarsöfnuð? Hvers konar trúarlífsfélagsfræðiskilgreiningar myndu sjálfkrafa útiloka allan slíkan samanburð og hvers konar skilgreiningar halda honum opnum? Grefur ofstækisfullt trúleysi undan allsherjarreglu samfélagsins, eða eru dæmin sem Egill tekur frá austantjaldsríkjunum aðeins vitnisburður um að í alræðisríkjum sem leggja áherslu á díalektíska efnishyggju þrífast hvers konar öfgamyndir trúleysishugmyndafræðinnar? Að sama skapi gefa pistlar Egils tækifæri til þess að varpa fram þeim spurningum hvort ofstækisfullt trúleysi geti undir ákveðnum sögulegum kringumstæðum leitt til ofbeldis? Hverjir sæju sér jafnframt hag í að halda slíku fram og hefur ásökunin um öfgamyndir trúleysis verið notuð til þess að þagga niður í hófsamari kröfum trúleysingja, t.d. í íslenskri umræðu?

Overton-glugginn og sannleikurinn um alheiminn

Fjórum árum eftir átökin við Vantrú virðist Egill búinn að gleyma „greiningu“ sinni á vantrúartalibönnum og fólkinu umhverfis Dawkins sem honum lá áður „við að kalla sértrúarsöfnuð“. Sinnaskipti Egils má líklega rekja til þess að hann vilji láta af skærum sínum við félagsmenn og sé nú til í að fallast á ýmis þau sjónarmið Vantrúar sem honum hefðu áður þótt óhugsandi. Harkan í samskiptum vantrúarfélaga við þáttastjórnandann hefur náð tilætluðum árangri, gert afstöðu sem hann hefði skilgreint sem hreinar öfgar fimm árum fyrr að ásættanlegu sjónarmiði sem vel megi taka undir og verja. Aðferðafræði Vantrúar má rekja til þrýstihópa sem fá oft þau verkefni að sveigja almenningsálitið að sjónarmiðum viðskiptavina sinna, eða frá óheppilegum eða kostnaðarsömum stjórnvaldsaðgerðum. Aðferðin, sem nú er gjarnan kennd við bandaríska frjálshyggjumanninn Joseph P. Overton og kölluð Overton-glugginn, snýr að því að færa viðmiðunarrámmanna (eða gluggana) í samfélagsumræðunni, gera öfgahugmyndir úr samtímanum ásættanlegar og ásættanleg sjónarmið smám saman óhugsandi, allt eftir markmiðum félagsins. Þetta er m.a. gert með því hafna samræðunni sem miðlunartæki, með því að gera málamiðlunina brottræka. Eina ásættanlega sjónarmiðið er það sem viðkomandi félag eða þrýstihópur heldur fram. En aðferðin virkar aðeins sé henni haldið undir yfirborðinu. Þegar Matthías Ásgeirsson veltir því fyrir sér á umræðuþræðinum sem helgaður er Bjarna

hvort spyrja eigi „hvernig standi á því að fræðimaðurinn Bjarni Randver nefni hugtakið Overton glugginn hvergi á nafn þegar það sé (augljóslega) lykilhugtak í starfsemi félagsins“ varar Óli Gneisti Sóleyjarsón við öllum slíkum tilburðum og segist alltaf vera á móti því að þeir tali „of mikið um Overton gluggann því sú taktík virkar betur þegar fólk veit ekki af henni“.⁵⁷

Það má til sanns vegar færa. Egill Helgason deilir nú skyndilega sýn vantrúarfélaga og er nú fullur undrunar og vanþóknunar yfir kennsluháttunum í Háskóla Íslands. Hann segir á umræðuþræði á fésbókarsíðu Stefáns Einars Stefánssonar að Bjarni reyni „að stimpla Vantrú sem sértrúarhóp – sem er auðvitað rangt“.⁵⁸ Egill heldur því jafnframt fram að glærurnar hafi verið „sérlega ómálefnalegar, það var mjög langt til seilst til að sverta þennan félagsskap. Og að ætla að fara að skilgreina samtök trúleysingja sem sértrúarhóp, ja, af hverju þá ekki femínistafélagið eða Sjálfstæðisflokkinn eða hvað sem er. En eins og ég segi, mér finnst þetta fyrst og fremst vera kjánalegt hjá manningum – og allt þetta upphlaup er kjánalegt“ (kl. 10:05). Þegar Egill var áður spurður að því hvort hann sé nokkuð með þessu að vega að heiðri sérfræðinganna í túlkunarvísindum sem skrifuðu greinargerðir til varnar glærum Bjarna svaraði hann: „Jú, ætli það ekki. Ég dreg ekki í efa rétt hans til að setja þetta fram, en ég hefði ekki viljað sitja þetta námskeið“ (kl. 10:01).

Davíð Þór Jónsson, sem var eins og áður sagði einn af nemendum Bjarna í umræddu námskeiði, svarar Agli á umræðuþræðinum og reynir að útskýra fyrir honum fræðilegar forsendur námskeiðsins – þótt fésbók sé vissulega ekki hentugasti miðill til slíks. Davíð Þór segir: „Akademísk trúarlífsfélagsfræði fjallar um hópa sem skipuleggja sig utan um afstöðu til eilífðarmálanna. Það að trú er viðfangsefni hópsins gerir hann að viðfengsefni [sv] fræðanna, ekki það hver afstaðan er. Hitt er annað mál hvort „nýtrúarhreyfing“ sé nógu gott orð. Enda fjallaði fyrsti fyrirlesturinn aðeins um þessar skilgreiningar og hve vandasöm öll termínólógía væri. Ég sat þetta námskeið og það var gott. Glærurnar gefa ekki tæmandi mynd af því sem þar fór fram“ (kl. 10:07).

Stefán Einar Stefánsson svarar yfirlýsingum Egils um kjánalegt upphlaup og segir: „ég treysti nú sannast sagna helsta sérfræðingi okkar í sértrúarhópum og öfgahópum eins og Vantrú, til að leggja mat á það hvernig eigi að skilgreina starfsemi þeirra. Þá eru þetta afar gildishlaðin orð, þ.e. að tala um framsetningu hans sem „fáránlega“ og „kjánalega“ án þess að færa fyrir því gild rök“ (kl. 10:08). Egill, sem fjórum árum áður hafði eytt athugasemdum vantrúarfélaga af spjallþráðum sínum og gert þá að fulltrúum ofsafengins trúleysis, spyr núna: „Er Vantrú öfgahópur – hvað þá með félagsskap sem trúir því að mannkynið bjargist vegna þess að maður dó á krossi í Palestínu fyrir tvö þúsund árum [sv] :) ?“ (kl. 10:16). Hann bætir við í tveimur færslum nokkrum mínútum síðar:

mér finnst þetta reyndar afar leiðinlegur og frekur félagsskapur, meðal annars vegna þess að það er ekki nokkurt vit í að hamast þetta í kirkjunni, hún er bara eins og það er, en mér finnst samt út í hött að bera þeim á brýn að þeir séu öfgahópur – skoðanir þeirra fara nokkurn veginn saman við það sem vísindin segja að sé satt og rétt um alheiminn [...] Og allt þetta sem var á glærunum miðaði við að sýna Vantrú í sem verstu ljósi. Það er klént og heimskulegt, en ég ætla ekki að bera brigður á rétt mannsins til að fjalla svona um hlutina – en svo má auðvitað velta fyrir sér hvort guðfræði eigi yfirleitt að kenna í háskóla. (kl. 10:22 og 10:24)

Síðasta athugasemdin sýnir glögglega vanþekkingu Egils á viðfangsefninu. Námskeið Bjarna Randvers var kennt á forsendum trúarlífsfélagsfræði, ekki guðfræði. Hér ber einnig að hafa í huga að þeir einu sem skilgreint hafa Vantrú sem öfgahóp í umræðunni sem vitnað er til hérna eru þeir Stefán Einar Stefánsson og Egill Helgason. Þó að Stefán Einar vísi til Vantrúar sem öfgahóps og ræði Bjarna Randver í leiðinni, er ekki hægt að gera Bjarna ábyrgan fyrir þeim orðum frekar en Bjarni ber ábyrgð á hugmyndum Egils Helgasonar frá 2006 og 2007. Hugmyndir Bjarna Randvers um Vantrú eru líka miklu flóknari en svo að þær megi skilgreina með stikkorðahugsun af því tagi sem Egill og Stefán beita hérna.⁵⁹

Það sem er reyndar frétt næmast við þessi skoðanaskipti Stefáns Einars og Egils er að á aðeins fjórum árum hafa þessi félagasamtök umbreyt frá því að vera svæsinn sértrúarsöfnuður sem ítrekað vekur upp hugrenningatengsl hjá Agli við kommúnisma og nasisma, yfir í að birta skoðanir sem „fara nokkurn veginn saman við það sem vísindin segja að sé satt og rétt um alheiminn“. Þetta verður að teljast nokkur árangur hjá aðgerðasinnunum innan Vantrúar. Egill hefur hér gengist inn á umræðuforsendur hópsins og tekið sér stöðu með sínum gömlu andstæðingum í máli þar sem kennari við Háskóla Íslands er kærður fyrir glæru sem gerir gamla afstöðu Egils að umfjöllunarefni. Grétar Halldór Gunnarsson áttar sig á mikilvægi þessa því á sama spjallþræði segir hann réttilega: „Nógu mikið hefur Egill samt snúist á sveif með þeim. Þannig að skætur þeirra gegn honum hafa greinilega ekki verið til einskis hjá þeim, sbr. Overton-gluggann sem þeir hafa að leiðarljósi“ (kl. 10:31).

Hlutskipti Bjarna Randvers er á engan hátt frábrugðið vanda þeirra vísindamanna sem á undanförunum áratugum hafa legið undir opinberu ámæli fyrir rannsóknir sem ógna ríkum hagsmunum, eða ganga í berhöggt við hugmyndafræði þrýstihópsins. Slíkir rannsakendur eru oft úthrópaðir, krafist er afsagnar þeirra og almenningur er æstur upp í ofsafengna andúð, gjarnan með hjálp misviturra fjölmiðlamanna. Hið sanna í málinu skilar sér seint og jafnvel aldrei út í samfélagið, því að sannleikurinn er of frekur til rúmsins og krefst of mikils tíma af önnum köfnum lesendum sem axla ekki ábyrgð á skoðunum sínum með því að grafast fyrir um réttmæti þeirra.

Flestir þeirra einstaklinga sem tóku eindregna afstöðu gegn Bjarna

Randveri Sigurvinsyni í kærumáli félagsins á hendur honum töldu sig vera málsvara skynseminnar sem vissulega má sjá sem ljós í trúarþoku liðinna alda. Þeir standa kjaftæðisvaktina með Vantrú⁶⁰ gegn kukli, trú og gervi-vísindum og hljóta því sjálfkrafa að vera vitsmunamegin í umræðu þar sem deilt er á kennara í guðfræði- og trúarbragðafraeðideild. Svo er þó ekki. Þessir einstaklingar brugðust sannleikanum vegna þess að þeir mynduðu sér skoðun án þess að skoða öll fyrirbyggjandi gögn. Hugmyndir þeirra um Bjarna Randver og kennsluhætti hans voru mótaðar af trúarsannfæringu fremur en efnislegu mati, því að kennarinn fékk ekki að njóta vafans þar til hið sanna í málinu yrði leitt í ljós.

Vissulega getur verið erfitt að greina á milli efahyggju leitandi huga – vísindalegs efa er sprettur af striti – og efa letingjans sem nennir ekki að komast að niðurstöðu um eitt né neitt. En það er aðeins með því að feta einstigið milli trúarvissunnar og innantómrar efahyggju, milli Karybdísar fordómanna og Skyllu fráfræðinnar, sem við þökum okkur áleiðis í skilningi á samfélaginu og efnisheiminum.

Enginn getur búist við því að standa vísindanna megin í öllum álita-málum. En ef við horfum á umhverfi okkar af jákvæðri gagnrýni á sama tíma og við erum full undrunar yfir margbreytileika veraldarinnar verður okkur fyrirgefið þótt við hlaupum stundum á okkur.

Tilvísanir

¹ „Yfirlýsing vegna kæru á hendur stundakennara HÍ“, *Fréttablaðið* 13. desember 2011, bls. 18; og „Yfirlýsing vegna kæru á hendur Bjarna Randveri Sigurvinsyni stundakennara sem send var Siðanefnd HÍ“, *Morgunblaðið*, 13. desember 2011, bls. 20. Undirskriftirnar voru birtar á vefsíðum miðlanna.

² Egill Helgason: Athugasemd við fésbókarfærslu Árna Svans Daníelssonar um mál Bjarna Randvers frá 27. desember 2011: <http://www.facebook.com/arni.svanur.danielsson/posts/197833200310415> [sótt 18. janúar 2011].

³ Um yfirlýsingu Reynis hefur víða verið fjallað, m.a. í grein Barkar Gunnarssonar: „Heilagt stríð Vantrúar“, *Morgunblaðið* 4. desember 2011, bls. 18–21. Einnig má nefna ítarlega samantekt Hörpu Hreinsdóttur sem skrifuð var á tímabilinu 8. janúar til 22. febrúar 2012, en henni hefur verið safnað saman í eitt skjal, „Vantrú gegn Bjarna Randveri Sigurvinsyni“: http://harpa-hreins.com/vantru_gegn_bjarna_randveri.pdf [sótt 4. september 2012]. Í greinargerð sinni „Tímatafla í kærumáli Vantrúar á hendur Bjarna Randveri Sigurvinsyni stundakennara fyrir Siðanefnd HÍ (nr. 1/2010)“ rekur Bjarni Randver í ítarlegu máli hvernig vantrúarfélagar undirbjuggu kærumálið og styðst þar við fjöldamörg gögn. Mikilvægasta varnarskjalið sem vísað er til í tímatöflunni er líklega „Söguskoðun Bjarna Randvers“ [framvegis „SBR“], en þetta er umræðuvefur félagsmanna Vantrúar sem lekið var til Bjarna Randvers. Sjá Reynir Harðarson: „SBR“, 12/2/2010, kl. 15:22.

⁴ Reynir Harðarson: „SBR“, 5/2/2010, kl. 11:46.

⁵ Sjá t.d. frétt Egils Ólafssonar á vefsvæði *Morgunblaðsins*: „Var ekki brotlegur í starfi“, 16. febrúar 2012: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/02/16/var_ekki_brotlegur_i_starfi/ [sótt 15. október 2012].

⁶ Vantrúarfélagar neituðu því að Bjarni Randver hefði verið kærður til lögreglu en urðu að draga þær yfirlýsingar til baka þegar Bjarni lagði fram gögn frá lögreglustjóra máli sínu til stuðnings. Sjá til dæmis athugasemdir núverandi formanns, Egils Óskarssonar, við ritstjórnargreinina

- „Bjarni vann, Háskóli Íslands tapaði“, 6. október 2012 (07/10/12, kl. 14:26 og 22:05): <http://www.vantru.is/2012/10/06/16.30/> [sótt 9. október 2012].
- ⁷ „Ákvörðun siðanefndar Háskóla Íslands samkvæmt 4. gr. starfsreglna nefndarinnar í máli nr. 3/2012“, bls. 11. Formaður Siðanefndar HÍ í fimmta kærumáli Vantrúar er Björg Thorarensen prófessor við Lagadeild á Félagsvísindasviði en aðrir nefndarmenn eru Hafliði Pétur Gíslason prófessor í Raunvísindadeild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur.
- ⁸ Ritstjórn Vantrúar heitir því að bregðast við úrskurði Siðanefndar með einhverjum hætti í ritstjórnargreininni „Bjarni vann, Háskóli Íslands tapaði“, 6. október 2012: <http://www.vantru.is/2012/10/06/16.30/> [sótt 6. október 2012].
- ⁹ Kæra Vantrúar til Siðanefndar Háskóla Íslands, bls. 4. Hér eftir verður blaðsíðutal kærunnar tilgreint í sviga aftan við tilvitnun.
- ¹⁰ Niels Dungal: *Blekking og þekking*. Reykjavík: Helgafell 1948.
- ¹¹ Egill Helgason: „Furðuleg framsetning á kennsluefni“, 26. desember 2011: <http://silfuregils.eyjan.is/2011/12/26/furduleg-framsetning-a-kennsluefni/> [sótt 10. febrúar 2011].
- ¹² Hér má nefna kenningar um ímynduð ítök Bjarna Randvers í íslenski samfélagsumræðu sem finna má á umræðuþræðinum „SBR“: Frelsarinn, 2/10/2009, kl. 8:53; Reynir Harðarson: 12/2/2010, kl. 15:22; Matthías Ásgeirsson, 11/3/2010, kl. 2:47; Frelsarinn, 11/3/2010, kl. 3:31; Óli Gneisti Sóleyjarson, 7/4/2010, kl. 5:52; og Sindri Guðjónsson, 25/4/2010, kl. 6:40.
- ¹³ Bjarni Randver Sigurvinsson: „Samráðsvettvangur trúfélaga á Íslandi og samskipti Þjóðkirkjunnar við önnur trúarbrögð“, *Bjarmi* 2. tbl. 2. árg., júlí 2008, bls. 27–31.
- ¹⁴ Bjarni Randver Sigurvinsson: „Kveðja og velfarnaðarósk“. Bréf sent inn á kennsluvef HÍ til allra nemenda námskeiðsins „Nýtrúarhreyfinga“, 6. desember 2009.
- ¹⁵ Sjá athugasemd Egils Óskarssonar við ritstjórnargreinina „Bjarni vann, Háskóli Íslands tapaði“ (10/10/2012, kl. 19:40).
- ¹⁶ Sjá t.d. Niels Dungal: *Blekking og þekking*, bls. 9, 25, 114, 148, 185, 212, 355, 469, 478, 480 og 493. Gott dæmi er setningin: „Það er ávallt hægara að reka og teyma skynlausar skepnur heldur en hugsandi menn“, bls. 469. Í innganginum segir Niels bókina skrifaða „frá sjónarmiði mannsins sem hugsar meira en hann trúir“ (bls. xv).
- ¹⁷ Athugasemd Matthíasar Ásgeirssonar um blogg færslu sína „Punktur um umfjöllun“ (af <http://www.orvitinn.com>), 24. janúar 2012 (31/01/2012, kl. 10:36).
- ¹⁸ Egill Helgason: „Furðuleg framsetning á kennsluefni“, 26. desember 2011.
- ¹⁹ Bjarni segir orðrétt á glærunni: „Myndin hér til hliðar er af blogg síðu framhaldsskólakennara í Reykjavík. Lengst af var síðan öllum aðgengileg en er nú aðeins fyrir innskráða. Múslimar á Íslandi mótmæltu síðunni hjá *Morgunblaðinu* og viðkomandi framhaldsskóla. Höfundur tekur þátt í umræðum hjá Vantrú en óvíst er hvort hann telst félagi.“
- ²⁰ Egill Helgason: „Furðuleg framsetning á kennsluefni“, 26. desember 2011.
- ²¹ Valgarður Guðjónsson: „Er svona í lagi í HÍ?“ 27. apríl 2010: <http://blog.eyjan.is/valgardur/2010/04/27/er-svona-i-lagi-i-hi/>; Valgarður Guðjónsson: „XIII Guðfræði í HÍ: Þögnin rofin. Viðbrögð: Valgarður Guðjónsson, Vantrú, 11/03/2010, kl. 11:04“: <http://www.vantru.is/2010/03/10/13.00/>.
- ²² Yfirlýsingarnar er allar að finna í athugasemdadálkinum undir færslu Egils Helgasonar „Furðuleg framsetning á kennsluefni“ frá 26. desember 2011.
- ²³ Ásgeir: Athugasemd við blogg færslu Matthíasar Ásgeirssonar „Punktur um umfjöllun“, 24. janúar 2012 (28/01/2012, kl. 13:21).
- ²⁴ Hér skiptir litlu máli þó að stuðningsmenn Vantrúar kjósi allir að líta framhjá þeirri staðreynd að á glærunni er greint á milli herskás málflutnings Dawkins og fylgismanna hans og svo haturshreyfinga. Hugmyndin er sem sagt sú að ýmsar haturshreyfingar geti nýtt sér rök róttækra guðleysingja málstað sínum til framdráttar. Þótt hér sé greint á milli róttækra trúleysishugmyndafræði og haturshreyfinga hefði Bjarni auðveldlega getað gengið enn lengra í glærunni en hann gerði því að fjölmargir andstæðingar trúleysis hafa að engu þennan greinarmun.
- ²⁵ Bjarni Randver Sigurvinsson: „Nýtrúarhreyfingar“: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=01751420096> [sótt 20. janúar 2011].
- ²⁶ Athugasemd Bjarna Randvers Sigurvinssonar við færslu Egils Helgasonar „Furðuleg framsetning á kennsluefni“ (26/12/11, kl. 23:05).

- ²⁷ Reynir Traustason: „Yfirklor rektors“, leiðari frá 17. ágúst 2012. Athugasemd Matthíasar Ásgeirssonar má finna 20/8/2012, kl. 17:29: <http://www.dv.is/leidari/2012/8/17/yfirklor-rektors/> [sótt 1. október 2012].
- ²⁸ Bjarni Randver Sigurvinsson: „Svar við kæru Vantrúar“, bls. 134–136.
- ²⁹ Rökkvi Vésteinnsson af fésbókarsíðu Péturs Björgvins Þorsteinssonar frá 15. janúar 2012 (16/1/2012, kl. 14:32 og 14:35): <http://www.facebook.com/petur/posts/10150489462234514> [sótt 14. október 2012].
- ³⁰ Athugasemd Matthíasar Ásgeirssonar við ritstjórnarpistilinn „Vantrú: Bjarni vann, Háskóli Íslands tapaði“ (10/10/12, kl. 15:22).
- ³¹ Lýsingu á námskeiðinu Kirkjudeildarfræði (GFR206M vor 2009) við Háskóla Íslands má finna í kennsluskrá ársins 2008–2009: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=01540020090> [sótt 12. október 2012].
- ³² Davíð Þór Jónsson: Greinargerð um námskeiðið Nýtrúarhreyfingar, 10. maí 2011.
- ³³ Jakob Ævarsson: Greinargerð um námskeiðið Nýtrúarhreyfingar, 9. maí 2011.
- ³⁴ Sjá Baldur Arnarson: „Fordæma ræðu páfa“, *Morgunblaðið*, 16. september 2006, bls. 1.
- ³⁵ Bjarni Randver Sigurvinsson: „Nýtrúarhreyfingar“: <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namskeid&id=01751420096> [sótt 20. janúar 2011].
- ³⁶ Vésteinn Valgarðsson: „Trúleysingar eru líka fólk“, *Fréttablaðið*, 14. desember 2007, bls. 40. Bjarni fjallar ítarlega um fræðilegu forsendurnar að baki glærunni á bls. 90 í „Svari við kæru Vantrúar“. Vantrúarfélagar misskildu tilgang glærunnar og kærðu Bjarna fyrir hana. Þeir segja í kæru sinni: „Þegar þessi glæra er birt eftir heila glæru af uppnefnum og svo aðra sem segir að slíkt sé ofbeldi er rökrétt að álykta að þessi glæra eigi að sýna að svo vogi þessir ógurlegu menn sér að kvarta undan ónotum í sinn garð“ (bls. 12).
- ³⁷ Af greinum sem birtust á vef Vantrúar eða eru eftir virka vantrúarfélaga og fjalla um eða vísa til Egils Helgasonar í meginmáli og athugasemdakerfi má nefna (listinn er ekki tæmandi): Matthías Ásgeirsson: „Greindarskertir eða siðlausir“, *Örvitinn*, 27. febrúar 2005; „Biskupinn er ennþá fífl!“ *Örvitinn*, 7. mars 2005; „Egill Helgason eyðir athugasemdum“, *Örvitinn*, 3. mars 2007; „Hið daglega þvaður“, *Örvitinn*, 3. mars 2007; „Þórir Guðmundsson er ekki trúverðugur“, *Örvitinn*, 5. mars 2007; „Æi Egill“, *Örvitinn*, 10. mars 2007; „Egill Helgason og 365“, *Örvitinn*, 7. júní 2007; „Egill Helgason moggabloggari“, *Örvitinn*, 7. júní 2007; „Ayaan Hirsi Ali og Egill Helgason“, *Örvitinn*, 10. september 2007; „Trúarbrögð eru tabú“, *Örvitinn*, 7. ágúst 2008 (sjá allt á <http://www.orvitinn.com>); Óli Gneisti Sóleyjarson: „Egill Helgason og Vantrú“, *Gneistinn*, 19. janúar 2006; „Hjalið hans Egils“, *Gneistinn*, 21. janúar 2006; „Egill jarðaður“, *Gneistinn*, 23. janúar 2006; „Hvað er málið?“ *Gneistinn*, 2. mars 2007; „Egill Helgason eyðir eigin kommenti (og svari mínu)“, *Gneistinn*, 3. mars 2007; „Egill Helgason hringdi í mig“, *Gneistinn*, 6. mars 2007; „Egill Helgason og ofstækið“, *Gneistinn*, 4. september 2007 (sjá allt á <http://trufun.net/oligneisti/>). Á vef Vantrúar birtist síðan röð greina um Egil: Birgir Baldursson: „Egill Helgason sér ekki muninn“, *Vantrú*, 21. febrúar 2005; Vésteinn Valgarðsson: „Athyglisverð köpuryrði frá Agli Helgasyni“, *Vantrú*, 23. janúar 2006; Hjalti Rúnar Ómarsson: „Ofstækisfullur kverúlant?“ *Vantrú*, 6. mars 2007; Ritstjórnargrein: „Egill Helgason og Vantrú“, *Vantrú*, 4. september 2007; Óli Gneisti Sóleyjarson: „Fylgismenn Dawkins“, *Vantrú*, 10. september 2007 og „Um hús guðs og krónur og aura“, *Vantrú*, 8. október 2007 (sjá allt á <http://www.vantru.is/>).
- ³⁸ Sjá t.d. hér: Matthías Ásgeirsson: „Herðubreið að svindla á gáttinni?“ *Örvitinn*, 6. apríl 2009; „Silfrið, hlutleysi og hægrimmn“, *Örvitinn*, 21. október 2009; „Atvinnubloggarar á Íslandi“, *Örvitinn*, 14. mars 2010; „Styrkir, prófkjör og frægð“, *Örvitinn*, 30. apríl 2010; „Mogginn lokar á Loft“, *Örvitinn*, 26. ágúst 2010; „Jihad stríðsmenn Vantrúar og ferðafélagsins“, *Örvitinn*, 25. febrúar 2011 (sjá allt á <http://www.orvitinn.com>). Egill Helgason: „Þjóðkirkjan er búin að vera“, *Silfur Egils*, 13. desember 2007. Vantrú fagnar strax yfirlýsingu Egils: „„Þjóðkirkjan er búin að vera““, *Vantrú*, 13. desember 2007.
- ³⁹ Egill Helgason: „Um fordóma og fáfræði“, *Vísir*, 19. janúar 2006: <http://eyjan.pressan.is/silfuregils/2006/01/19/um-fordoma-og-fafræði/> [sótt 7. september 2012].
- ⁴⁰ Óli Gneisti Sóleyjarson: „Egill Helgason og Vantrú“, *Gneistinn*, 19. janúar 2006; „Hjalið hans Egils“, *Gneistinn*, 21. janúar 2006.
- ⁴¹ Vésteinn Valgarðsson: „Athyglisverð köpuryrði frá Agli Helgasyni“, 23. janúar 2006: <http://www.vantru.is/2006/01/23/07.30/> [sótt 7. september 2012].

- ⁴² Greinarnar eftir Egil Helgason gegn trúleysi í marsmánuði 2007 eru: „Wagner í dragi, ofstækisfullt trúleysi, kosningaauglýsingar“, *Vísir*, 2. mars 2007; „VG, anarkisminn, Hjalpræðisherinn og íslenska krónan“, *Vísir*, 6. mars 2007; og „Fordómar, lífið á miðjunni, friðlýsing Skerjafjarðar“, *Vísir*, 10. mars 2007. Í greininni frá 6. mars lýsir Egill m.a. skoðun félaga síns á íslenskum trúleysingjum og leggur út af henni: „„Þetta sýnir hvað það getur farið illa með menn að alast upp í einangruðu lútersku samfélagi við heimskautsbaug,“ sagði vinur minn einn eftir að hann hafði lesið athugasemdir eftir herskúa trúleysingja hér á vefnum. Þessi flokkur manna kemur víða við – heldur meðal annars úti vef sem heitir Vantrú – og fólk með þessar skoðanir reynir líka að hasla sér völl innan stjórnmálaflokka, nú síðast í Vinstri grænum.“
- ⁴³ Egill Helgason: „Wagner í dragi, ofstækisfullt trúleysi, kosningaauglýsingar“.
- ⁴⁴ Sama.
- ⁴⁵ Egill Helgason: „Fordómar, lífið á miðjunni, friðlýsing Skerjafjarðar“. Stytta útgáfu greinarinnar má finna hér: <http://eyjan.pressan.is/silfuregils/2007/03/10/fordomar-lifið-a-miðjunni-friðlysing-skerjafjarðar/>. Östytta og upprunalega útgáfu greinarinnar og þá sem vitnað er til hér má finna á vefsafni.is (þar varðveittust athugasemdirnar): <http://wayback.vefsafni.is/wayback/20070328000000/http://visir.is/article/20070310/SKODANIR02/70310072/1078> [sótt 7. september 2012].
- ⁴⁶ Egill viðurkennir sjálfur að hafa eytt athugasemdum við skrif sín og það er staðfest af Matthíasi Ásgeirssyni og Óla Gneista Sóleyjarsyni. Sjá Matthías Ásgeirsson: „Egill Helgason eyðir athugasemdum“, *Órvittinn*, 3. mars 2007; og Óli Gneisti Sóleyjarsyni: „Egill Helgason eyðir eigin kommenti (og svari mínu)“, *Gneistinn*, 3. mars 2007; og „Egill Helgason hringdi í mig“, *Gneistinn*, 6. mars 2007.
- ⁴⁷ Óli Gneisti Sóleyjarsyni: „Hvað er málið?“, *Gneistinn*, 2. mars 2007.
- ⁴⁸ Hjalti Rúnar Ómarsson: „Ofstækisfullur kverúlant?“, *Vantrú*, 6. mars 2007.
- ⁴⁹ Óli Gneisti Sóleyjarsyni: „Egill Helgason hringdi í mig“.
- ⁵⁰ Egill Helgason: „Ofstæki“, *Silfur Egils*, 4. september 2007: <http://eyjan.pressan.is/silfur-egils/2007/09/04/ofstæki/> [sótt 7. september 2012].
- ⁵¹ Vantrú: „Egill Helgason og Vantrú“, 4. september 2007.
- ⁵² Hér er líklega að finna skýringuna á því hvers vegna Bjarni Randver var kærður fyrir að birta glæru með ýmsum áhrifavöldum trúleysingja. Vantrúarfélagar hafa líklega túlkað það sem atlögu að sjálfstæðri hugsun þeirra.
- ⁵³ Svanur Sigurbjörnsson: „Egill fer röklausum hamförum“, 4. september 2007: <http://svanurmd.blog.is/blog/svanurmd/entry/302823/> [sótt 7. september 2012].
- ⁵⁴ Af umræðuþræði pistilsins „Egill Helgason og Vantrú“, 4. september 2007. Sjá Khomeni 05/09/07, kl. 09:47. Umræðurnar um Egil leysast fljótlega upp eftir að „Guðjón“ setur fram þá fullyrðingu að hann hafi aldrei hitt trúmann sem ekki líti á Dawkins sem ofstækismann (Guðjón – 05/09/07, kl. 08:18) og að „eitt helsta einkenni á rótæku [svo] trúleysi í anda Dawkins [sé] þessi algjör [svo] fullvissa um réttlæti málstaðarins og jafnfram [svo] djúpstæð fyrirliing [svo] á andstæðingum sínum“. Hugmyndafræði Dawkins er að mati Guðjóns „fasísk í eðlis [svo] sínu og ef Dawkins nær að hafa áhrif í framtíðinni [svo] liggur beint við að einhvertíma [svo] kemst til valda alræðisstjórn sem hallast að hugmyndafræði Dawkins myndi sú stjórn handa [svo] um verkið sem verður aldrei unnið með orðum einu þ.e. að upprætta vírusin [svo] illsketta [svo] þá er ofbeldi og morð eina raunhæfa leiðin til þess að hrinda stefnu Dawkins í framkvæmd“ (Guðjón – 05/09/07, kl. 16:53 og 05/09/07, kl. 22:50). Deilurnar við Guðjón ná yfir rúma 5 daga og eru 71 færsla (frá Guðjóni (05/09/07, kl. 08:18) til Sigurðar Karls Lúðvíkssonar (10/09/07, kl. 14:02)). Þær fylgja gamalkunnu mynstri, enda segir vantrúarfélaginn Þórður Ingvarsson snemma í „rökraðunum“: „Grunar að það sé ekki langt í að gripið verði í rökraðutaktíkina „kommúnasismann“ til að sýna fram á skaðsemi trúleysis og visinda“ (06/09/07, kl. 00:31). Bjarni var því kærður af vantrúarfélagum fyrir að birta glæru sem snýst um svo djúpstæð ágreiningsatriði að flestir félagsmanna þekkja þau á svipstundu.
- ⁵⁵ Sjá Matthías Ásgeirsson: „Krulli kverúlant“, 4. september 2007: <http://www.orvitinn.com/2007/09/04/09.01/> [sótt 7. september 2012].
- ⁵⁶ Matthías Ásgeirsson: „Er Krulli kverúlant nasisti?“ 26. október 2007: <http://www.orvitinn.com/2007/10/26/00.26/> [sótt 7. september 2012].

GUÐNI ELÍSSON

⁵⁷ Matthías Ásgeirsson: „SBR“, 14/9/2010, kl. 18:11; og Óli Gneisti Sóleyjarson: „SBR“, 14/9/2010, kl. 18:38.

⁵⁸ Sjá fésbókarfærslu Stefáns Einars Stefánssonar, 13/12/2011, kl. 09:58: www.facebook.com/stefan.e.stefansson/posts/277765252271071 [sótt 7. september 2012]. Deilurnar standa yfir næsta hálf tímann.

⁵⁹ Vantrúarfélagar hafa ítrekað sett fram þá kenningu að skoðanir Stefáns Einars megi rekja til innrætingar Bjarna Randvers. Hvergi leggja þeir fram gögn sem benda til nokkurs slíks og rétt er að taka fram að Stefán Einar sótti aldrei umrætt námskeið Bjarna.

⁶⁰ „Kjafaðisvaktinni“ á vef Vantrúar er ætlað að hrekja ýmiss konar gervivísindi og nýaldarspeki með vísindin að vopni. Sjá: <http://www.vantru.is/kjafaedisvaktin/> [sótt 10. október 2012].